



Öryggisáætlun

Varmárskóla

2019 -2021

Efnisyfirlit

Öryggisráð Varmá

Röskun á skólastarfi vegna óveðurs/hamfara

Reglur sem gilda í óveðri

Stórslys/náttúruhamfarir

Viðbragðáætlun vegna Inflúensufaraldurs

Rýmingaráætlun

Kort af gönguleiðum í og frá skóla – umferðarmál

Eldvarnarfulltrúi

Jarðskjálfti

Öryggisráð Varmárskóla

Öryggisráð skipa 4 starfsmenn. Kosið er í öryggisráðið á tveggja ára fresti.

Öryggisráð Varmárskóla er skipað húsvörðum og deildarstjóra unglिंगadeildar ásamt skólastjóra.

Öryggisráð fer yfir allan búnað og öryggi bæði nemenda og starfsmanna í skólahúsnæðinu þrisvar á ári, í september, janúar og júní. Ávallt er farið eftir leiðbeingum frá Vinnueftirlitinu (vinnuumhverfisvísi fyrir skóla). Niðurstöður þessarar athugunar eru geymdar í möppu hjá deildarstjóra og athugasemdir sendar til yfirvalda bæjarins.

Öryggisráð fundar að minnsta kosti tvisar sinnum á önn eða eftir þörfum.

Allar upplýsingar eru aðgengilegar fyrir starfsfólk og nemendur.

Fundað er með nemendum um hin ýmis mál svo sem umhverfismálin.

Öryggisráð útbýr möppu sem er aðgengileg hjá ritara. Þar eru kynntar nánari upplýsingar um þá þætti sem eru í þessari áætlun.

Röskun á skólastarfi vegna óveðurs/hamfara

Varmárskóli er opinn og starfar alla daga samkvæmt skóladagatali nema Almannavarnir ríkisins aflýsi skólahaldi vegna aftakaveðurs eða annarra hamfara. Ef forráðamenn telja veður

Viðsjált er þeim heimilt að halda börnum sínum heima enda hvílir ábyrgðin fyrst og fremst á foreldrum og forráðamönnum. Slíkar fjarvistir skal tilkynna eins og önnur forföll.

Ef óveður skellur á meðan nemendur eru í skólanum þurfa foreldrar að sækja börn sín eða tryggja þeim heimför í samráði við skólann. Skólinn sendir ekki börn heim í slíkum tilvikum án samráðs við foreldra.

Þegar óveður skellur á getur orðið röskun á skólastarfi vegna erfiðleika starfsfólks við að komast til vinnu, en skólinn er alltaf opnaður og leitast við að halda uppi eðlilegu skólastarfi.

Reglur sem gilda í óveðri

- Skólahúsnæði er opnað um leið og fyrsti starfsmaður mætir.
- Allar upplýsingar eru settar á heimasíðu skólans eins fljótt og unnt er.
- Foreldrar eru beðnir um að tilkynna fjarvistir.
- Tölvupóstur er sendur til foreldra eins fljótt og auðið er.
- Börn sem mæta í skólann eru þar á ábyrgði starfsmanna.
- Ætlast er til að foreldrar fylgi börnum sínum inn í skólann og sækji þau í lok skóladags.
- Foreldrum er heimilt að sækja börn sín áður en skólatíma lýkur.
- Nemendur eru inni í frímínútum á ábyrgð starfsmanna.
- Frístundaverið er opið samkvæmt auglýstum opnunartíma.
- Foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum á leið í og úr skóla. Það er alfarið mat foreldra á veðri og mat þeirra á tilmælum sem kunna að birtast í fjölmiðlum, eða lögreglu sem ræður því hvort þeir senda börn sín í skólann eða halda þeim heima.
- Nánari upplýsingar um röskun á skólastarfi er að finna á heimasíðu Varmárskóli.

Varmarskoli.is

Áfallaáætlun Varmárskóla

Við Varmárskóla er starfandi áfallateymi. Þar sitja eftirtaldir aðilar: skólastjórar, námsráðgjafar og skólahjúkrunarfræðingur. Skólasálfræðingur og sóknarprestur koma að málum þegar þess er óskað. Skólastjóri kallar áfallateymið saman og skal óskum um afskipti þessa teymis beint til stjórenda. Áfallateymið er bundið trúnaði.

Hlutverk þessa teymis felst m.a í forvörnum og forvinnu. Teymið sér um að móta vinnureglur um hvernig bregðast eigi við áföllum sem skólasamfélagið ræður ekki við að leysa með hefðbundnum hætti. Vinnureglur eru endurskoðaðar á fyrsta vinnufundi ár hvert.

Áfallateymið kynnir sínar áætlun ár hvert fyrir starfsmönnum skólans.

Ef áföll verða kemur áfallateymið saman og vinnur með skólastjóra að því að skipuleggja viðbrögð skólans. Áfallateymið er kennurum og starfsmönnum skólans til ráðgjafar um viðbrögð við áföllum og kemur beint að málum þegar þess er óskað.

Allar nánari upplýsingar um viðbrögð skólans við áföllum er að finna í áfallaáætlun sem birt er að heimasíðu skólans.

Viðbragsáætlun vegna inflúensu

Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólafólksins sem og starfsmanna þeirra þegar til inflúensufaraldurs kemur.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997.

Áætlunin er í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu.

Nánari upplýsingar Viðbragðsáætlunin segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í Varmárskóla í samræmi við áætlun Almanna- og Almannavarna um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu.

um Landsáætlun vegna inflúensu er að finna á www.influensa.is

Rýmingaráætlun Varmárskóla - Eldri deild

Fari brunaviðvörðunarkerfið í gang skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun.

1. Húsvörður og skólustjórnandi eða staðgenglar fara að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og athuga hvaðan brunaboðið kemur og kanna nánar hvað um er að vera. Ritari er því næst látinn vita hvað um er að vera.
2. Ritari kallar í allar stofur og lætur vita um hvort rýma skuli skólann eða ekki. Þessi skilaboð skal endurtaka tvisvar.
3. Starfsmenn skólans halda kyrru fyrir í því rými sem þeir eru staddir og bíða rólegir frekari fyrirmælum.
4. Kennarar undirbúa rýmingu sinnar kennslustofu. Allir nemendur fá plasthlífir á fætturna. Mjög áriðandi er að fara eftir teikningu um útgönguleiðir sem hangir á vegg kennslustofu.
5. Verði eldur laus í útistofum skal rýma þær samstundis.
6. Þegar út er komið safnast allir saman á söfnunarsvæði sem er fótboltavöllurinn /körfuboltavöllurinn fyrir framan aðalinnganginn. Nemendur fara í beinar raðir eftir bekkjum. Ritarar láta kennara hafa nafnalista. Kennarar fara yfir nafnalista og athuga hvort allir nemendur hafi komist út.
7. Húsvörður/skólustjórnandi eða staðgenglar, hafa samband við slökkvilið í síma 112 og tilkynna og eða gefa skýringar á brunaboðinu ef ekki er um eld að ræða.
8. Skólustjórnandi fer á milli hópa og fær upplýsingar um hve mörg börn hafa ekki skilað sér með hópnum út og kannar hvar þau sáust síðast í skólanum eða hvort um fjarvist er að ræða.
9. Sé veður slæmt er farið með börnin inn í íþróttahús.

Hlutverk starfsmanna:

Lyfta : Deildarstjórar læsa lyftu.

Bókasafn: Bókavörður rýmir safnið.

Heimilisfræði: Starfsmenn slökkva á öllum tækjum.

Matsalur: Þeir starfsmenn sem eru með gæslu rýma salinn ásamt starfsfólki í eldhúsi.

Kaffistofa: Matráður stýrir rýmingu og lokar hurðum.

Vinnuherbergi kennara: Ritari stýrir rýmingu og lokar hurðum.

Salerni: Húsvörður ásamt gangavörðum athugar salernin.

Aðalinngangur gæsla: Húsvörður og gangaverðir

Sá aðili sem síðastur fer úr hverri stofu skal loka hurð á eftir sér þannig er dregið úr reykflæði um bygginuna. Þannig er líka hægt að hindra útbreiðslu elds.

Mikilvægt: Að halda ró sinni og ryðjast ekki út.

Eldvarnarfulltrúi

Ný reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit felur í sér töluverðar breytingar á skipulagi opinbers eldvarnaeftirlits og lög nr. 75/2000 kveða á um ábyrgð eigenda og forráðamanna húsnæðis með eldvörnum þess. Reglugerðin kallar á meiri kröfur og var farið yfir á fundinum á greinargóðan hátt hvaða þættir það eru sem eigendur, stjórnendur og starfsfólk þurfa að vita af og tileinka sér. Eigandi hússins er alltaf ábyrgur fyrir að skipa eldvarnafulltrúa en bæði eigendur og forráðamenn bera ábyrgð á eigin eldvörnum og skulu þær skjalfestar þannig að það nái yfir tæknileg atriði og skipulagsþætti. Eldvarnarfulltrúinn skal taka þátt í tilkynntum eftirlitsskoðunum, hafa þekkingu á brunavarnarlöggjöf og öllu eldvarnaeftirlit og skipulagi, s.s. möguleikum slökkviliðs til að bregðast við eldi í mannvirkinu.

Jarðskjálfti

Kenna nemendum rétt viðbrögð í jarðskálfta !KRJÚPA – SKÝLA – HALDA!

Ávallt skal brugðist við á þennan hátt innan dyra. Sama á við ef verið er úti þar sem eru byggingar í nánd eða önnur mannvirki sem hætta kann að stafa af. Ef mögulegt er skal þó forða sér út á berangur þar sem ekki er hætta á áverkum af völdum hruns eða fallandi hluta.

Sá sem lendir í jarðskjálfta **KRÝPUR** og lætur sem minnst fara fyrir sér. Með þessu má best verjast hlutum sem eru á hreyfingu, hvort sem þeir skjótast eftir gólfi eða fara um rýmið í loftköstum.

Höfði er **SKÝLT** með annarri hönd. Áhersla er lögð á að hlífa höfðinu, sem er jafnan viðkvæmast fyrir áverkum.

HALDIÐ er með hinni höndinni um einhvern fastan hlut. Með því móti er dregið úr líkum á því að maður hendist um rýmið og verð fyrir líkamstjóni.

Undir borði. Borð ætti alla jafnan að veita talsvert skjól fyrir fallandi hlutum. Haldið er um borðfót með annari hönd og hinni er haldið um höfuðið.

Kynna nemendum rýmingarleiðir og söfnunarsvæði utanhúss.

Til að rýma húsið eru útihurðir notaðar en neyðargluggar notaðir telji kennarar þess þörf. Á stígnum fyrir norðan yngri deildar við frístundasel er söfnunarsvæði yngri deildar en eldri deild fer út á fótboltavöll fyrir framan skólann.

Kennurum og öðru starfsfólki kynnt þeirra hlutverk

Kennarar og stuðningsfulltrúar sinna nemendum, róa þá eftir mætti og hlúa að þeim sem þess þurfa með. Skólastjóri hlustar eftir fréttum og tilkynningum frá almannavörnum í Ríkisútvarpinu og kallar eftir aðstoð sé þess þörf. Skólaliðar sinna nemendum utanhúss ásamt kennurum og aðstoða við manntal. Húsvörður sér um að leiðbeina lögreglu og slökkviliði rétta leið að staðnum. Hann aðstoðar einnig við rýmingu og athugar með hvort nemendur séu eftir í húsinu ásamt skólaliðum.

Halda æfingar- fræða án þess að hræða. Sjá æfingaáætlun.

Allt starfsfólk skólans og nemendur taka þátt í æfingunni. Nota má skólabjöllu eða annað hljóðmerki til að tákna jarðskálfta. Allt ferlið æft, frá því að jarðskjálfti hefst, til þess að æfingu er aflýst á söfnunarsvæði. Haga skal æfingunni í samræmi við raunverulegar aðstæður, eftir því sem unnt er, t.d. með hliðsjón af veðri.

Kynna neyðaráætlun skólans fyrir foreldrum

Foreldrum boðið í vettvangsferð í skólann þegar haldin er æfing og þeim kynntar aðgerðir til að draga úr líkum á meiðslum og tjóni við skálfta (fundir/dreifing gagna). Foreldrar hvattir til þess að undirbúa heimilið og fjölskylduna í samræmi við forvarnir skólans. Þ.m.t. ferlið að „**KRJÚPA – SKÝLA – HALDA**“. Nemendur hvattir til frumkvæðis á heimilinu og foreldrar hvattir til úrbóta þar sem börn þeirra benda á og hvetja til að munir séu færðir eða festir niður, þegar þeir valda hættu í jarðskjálfta. Þetta stuðlar að samræmi í forvörnum og viðbrögðum í skóla og heima.

ÆFINGAÁÆTLUN

Ef jarðskjálfti verður þá:

Nemendur fara undir borðið sitt: **KRJÚPA, SKÝLA, HALDA**.

Kennarar krjúpa einnig og tala rólega við nemndur.

Séu nemendur staddir annars staðar en í skólastofu: **KRJÚPA, SKÝLA, HALDA**.

ATH: Forða sér frá húsvegg eða öðru sem getur hrunið, séu nemendur staddir utan dyra.

Skólastjórnendur, húsörður og kennarar meta hvort ástæða er til að rýma húsið. Ef svo er talið segir kennari nemendum að **GANGA** út og fylgja sér. (Neyðarútgangar notaðir telji kennarar þess þörf). Nemendur fara í skótau (og yfirhafnir) með aðstoð kennara. Að því búnu ganga kennarar og nemendur út á söfnunarsvæðið þar sem manntal er tekið.



Fara út í horn burðarveggja, **KRJÚPA** þar, **SKÝLA** höfði og **HALDA** sér ef unnt er.



Fara í hurðarop, **KRJÚPA** þar, **SKÝLA** höfði og **HALDA** sér.



Fara undir borð, **KRJÚPA** þar, **SKÝLA** og **HALDA** í borðfót.

Heimildir á neti:

Almannavarnir: Viðbrögð við jarðskjálfta:

http://www.almannavarnir.is/displayer.asp?cat_id=103

Almannavarnir: Viðbrögð eftir jarðskjálfta:

http://www.almannavarnir.is/displayer.asp?cat_id=104

Almannavarnir: Viðbrögð við jarðskjálftum – glærur fyrir grunnskóla:

http://www.almannavarnir.is/displayer.asp?cat_id=342

Slysavarnarfélag Landsbjörg: Viðbrögð við jarðskjálftum – video:

<http://www.youtube.com/watch?v=HiLlSjIK7hI>

Vísindavefurinn skýrir út Richterskvarðann: <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=568>